

## ÁHRIF EFNAHAGSKREPPU Á STÖÐU BARNNA Á ÍSLANDI

### SAMANTEKT:


Teknar hafa verið saman helstu tölur sem vakið hafa athygli auk punkta sem ræddir hafa verið og taldir markverðir. Hópurinn leggur áherslu á að áfram verði unnið með þær hugmyndir sem komu fram í þingsályktun um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna frá árinu 2007. Hópurinn hefur meðal annars kynnt sér ýmis gögn frá Finnlandi og hversu langvarandi áhrif finnska kreppan virðist hafa haft á börn og ungmenni og telur að Íslendingar geti mikið lært af reynslu Finna. Þrátt fyrir að flest bendi til þess að vel gangi að veita börnum og ungmönnum lögbundna þjónustu og viðunandi úrræði og að almennt hafi efnahagshrunið hér á landi ekki haft umtalsverð áhrif þá telur barnahópurinn mikilvægt að fylgjast vel með þróun mála hér á landi og ekki síður langtímaafleiðingum skammtímahagræðingaaðgerða. Í því sambandi vekur hópurinn sérstaka athygli á alvarlegri stöðu ýmissa jaðrhópa eða hópa sem þurfa sérstakan stuðning.

### 1. FÁTÆKT OG ATVINNULEYSI:

- Fjöldi atvinnulausra á aldrinum 15–19 ára eru fjórfalt fleiri en fyrir hrun bankanna þótt dregið hafi úr fjöldanum á síðustu misserum. Í janúar voru rúmlega 400 börn á þessum aldri án atvinnu (Vinnumálastofnun, 2011).



- Einstæðum foreldrum undir lágtekjumörkum hefur fjölgað (Hagstofa Íslands, 2010 eða 2011).




#### Tillögur að aðgerðum vegna atvinnuleysis og fátæktar:

- Verkefnið *ungt fólk til athafna* hefur gengið vel og þar hafa fjölmörg ungmenni fengið tækifæri til að stunda nám eða fá reynslu á vinnumarkaði á meðan atvinnuleysi stendur.
- Styðja við ungmenni í grunnskóla, hvetja þau til menntunar og aðstoða þau við að skoða alla möguleika til að finna nám við sitt hæfi sem líklegra er að þau ljúki.
- Þjóða þarf upp á styttri námsleiðir og önnur tilboð, jafnvel framhaldsnámskeið sem gætu skilað þeim einingum. Þau sem eru búin að vera án virkni í einhvern tíma eiga erfitt með að snúa sólarhringnum við aftur og því mikilvægt að hafa námskeiðin ekki of snemma dags. Auk þess væri hægt að virkja foreldra markvisst með í slíkum verkefnum.
- Börn sem ekki eiga bótarétt hafa lítið við að vera og er oft talað um þau sem erfiðasta hópinn. Hætta er á að sálræn og líkamleg vanlíðan aukist með langvarandi aðgerðarleysi því er mikilvægt að stuðla að virkni hvers einstaklings, með traustri grunnþjónustu og eftirfylgd.
- Vinna með stuðningi – fjölsmiðjuútfærsla og lýðháskóli á framhaldsskólastigi.
- Styðja þarf sérstaklega við börn atvinnulausra foreldra og foreldra í fjárhagsvanda en álag og streita á heimilum hefur áhrif á líðan og hegðun barns sem kemur meðal annars fram í árásarhneigð.
- Rætt hefur verið um möguleikann á því að fara í mótvægisáðgerðir samhliða niðurskurði þannig að greint verði sérstaklega hvaða hópar komi verst út úr breytingunum eða skerðingu á þjónustu og þörfum þeirra sé mætt með sértækum aðgerðum.
- Virðisaukaskattur verði lækkaður á barnafötum og fleiri hlutum sem snerta barnafjölskyldur.

- Tryggja að öll börn og ungmenna fái að njóta íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfs við sitt hæfi og áhuga, óháð efnahag foreldra.
- Samræmt aldursviðmið á öllum stofnunum, fyrirtækjum og félögum um verðlag fyrir börn og ungmenni. Börn eru börn til 18 ára aldurs. Það þarf að samræma verðlag við sama aldursár. Mjög misjafnt hvenær börn hætta að vera börn eftir stofnunum, félögum og fyrirtækjum á Íslandi.

## 2. ÁHRIF Á MENNTUN:

- Gæði kennslu í grunnskólum hefur ekki orðið fyrir mælanlegum áhrifum. Niðurstöður í PISA-rannsókn frá 2009 sýnir betri niðurstöður frá árinu 2006 en lakari en frá árinu 2000. Í lestri og stærðfræði eru fleiri fyrir neðan 2. stig og færri í efsta stigi en í fyrri PISA-rannsóknum, þar af leiðandi eru fleiri í miðjunni. Í vísindum sýnum við framfarir, þ.e. þar eru færri fyrir neðan 2. stig og fleiri í 5. stigi eða ofar. Nemendur eru almennt ánægðari en áður með þjónustu kennara (PISA).
- Skráðum nemendum á framhaldsskólastigi fjölgaði um 1–2 þúsund frá árunum 2001–2008. Þessi þróun hélt áfram árið 2009 og hefur skólasókn aukist á síðustu árum á framhaldsskólastigi (mennta- og menningarmálaráðuneyti).



- Sigrún Harðardóttir (2011) hefur skoðað stöðu nemenda með námsörðugleika innan framhaldsskóla, en það er sá hópur nemenda sem hefur þörf fyrir önnur úrræði en þau sem standa alla jafna til boða í framhaldsskólakerfinu. Bendir hún á að töluverðar breytingar hafa verið gerðar á lögum um framhaldsskóla á undanförunum áratugum sem leitt hafa til mikillar fjölgunar nemenda en margt bendir til þess að þær breytingar hafi ekki skipt sköpum fyrir þennan nemendahóp.
- Mælingar sýna að börnum líður betur í skóla nú en fyrir hrun bankanna. Þannig sögðust 36% barna líða vel í skólanum árið 2006 en 43% árið 2009 (HBSC).

- Sömu mælingar sýna að einelti virðist hafa aukist. Árið 2006 sögðust 95% aldrei hafa orðið fyrir einelti en 93% árið 2009 (HBSC). Einelti er viðvarandi í grunnskólum þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem skólar hafa beitt til að koma í veg fyrir einelti og viðbragðsáætlanir. Víða hefur vel tekist til og marktækt dregið úr einelti en sums staðar hefur einelti aukist eða orðið alvarlegra (kannanir í Olweusar-áætluninni).
- Skólafólk hefur lýst áhyggjum af því að niðurskurður komi verst niður á börnum með sérþarfir og börnum í jaðarhópum. Félagsráðgjafar á BUGL sjá alvarlegum eineltismálum fjölga og getuleysi skóla við að taka á þeim. Börn með þroskaraskanir, svo sem einhverfu, fá verri þjónustu en áður vegna niðurskurðar í heilbrigðis- og skólakerfi en þau sýna oft vanlíðan sína í skapofsaköstum og ofbeldi gagnvart kennurum og samnemendum.
- Fyrirhugað er að skerða vinnu unglinga hjá Vinnuskóla Reykjavíkur, meðal annars þannig að nemendur í 8. bekk munu ekki fá vinnu, nemendur í 9. bekk fá hálf dagsvinnu en nemendur í 10. bekk fá heilds dagsvinnu eins og áður. Hætt er við að þetta hafi áhrif til lengri tíma litið þar sem mikilvægt er að tryggja börnum uppbyggileg verkefni yfir sumartímamann og efnalitlum fjölskyldum munar um það að börnin geti aflað sér vasapenings.


#### Tillögur að aðgerðum:

- Fylgjast þarf grannt með þróun eineltismála í grunnskólum og því hvort niðurskurður hefur áhrif, svo sem ef frímínútnagæsla verður skorin niður. Einnig er rætt um niðurskurð á forfallakennslu og annarra stétta eins og náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa sem lengir þá væntanlega þann tíma og aðgengi barna að stuðningi fullorðinna í skólaumhverfinu. Tryggja þarf að eineltisáætlun sé í öllum leik-, grunn- og framhaldsskólum og að þeim sé framfylgt.
- Stuðla að því að eineltisáætlun nái til nærsamfélags hvers skóla, allra best væri að eineltisáætlun væri sú sama fyrir allar stofnanir sem vinna að uppeldi og menntun barna og ungmenna í hverju sveitarfélagi (sama eineltisáætlun fyrir skóla, íþróttafélag, félagsmiðstöð, tónlistarskóla o.s.frv.).
- Tryggja þarf öllum nemendum skólavist að loknum framhaldsskóla, í fyrsta lagi öllum nemendum á fræðsluskilyldualdri til 18 ára og veita nemendum viðeigandi stuðning og náms- og starfsráðgjöf. Einnig þurfa framhaldsskólar að hafa svigrúm til að bjóða ungmennum á aldrinum 18–25 ára skólavist með fjölbreyttu námsframboði.
- Bjóða þarf fleiri námsleiðir og valkosti fyrir nemendur að loknum grunnskóla, svo sem 11. bekk í Flensborg og lýðháskóla í framtíðinni, auk þess upp á fjölbreyttari kennsluaðferðir. Horfa á fleiri lausnir fyrir 16/18–24 ára, ekki komast allir í Fjölsmiðjuna og sumir þurfa annars konar úrræði. Heimavistarskólar gætu verið góður kostur fyrir suma nemendur, til dæmis þá sem búa við erfiðar heimilisaðstæður. Fylgjast þarf sérstaklega með sérkennslu og þarf hún að vera í boði í grunn- og framhaldsskóla.
- Leggja þarf aukna áherslu á samvinnu allra aðila í hverju skólasamfélagi og samstöðu um menntun og velferð nemenda og nýta allan mögulegan stuðning sem er fyrir hendi á hverjum stað. Sérstaklega skal horfa til aukins foreldrastarfs og þátttöku foreldra. Oft hefur verið sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn og nú á það sérstaklega við að hvert nærsamfélag leiti leiða til að styðja við menntun og velferð allra nemenda.


- Innleiða verkefni til að styrkja börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku. Fyrirmynd að slíku verkefni sem hefur gefist afar vel í Vesturbæjarskóla er þegar til. Verkefnið er unnið af foreldrum í sjálfboðaliðastarfi í nánú samstarfi við skólafyrirvöld. Markmið með slíku verkefni er að íslenskar fjölskyldur efli þá erlendu til þátttöku í skólastarfi, mæti á viðburði, sjái til þess að erlenda fjölskyldan viti hvað er að gerast í skólanum og skilji þær upplýsingar sem þeim berast. Einnig er markmiðið að erlenda barnið eignist vin og geti fengið stuðning hjá íslenskri fjölskyldu við lestur og tengsl við íslenska menningu og hefðir. Með slíku verkefni má meðal annars sporna gegn brottfalli nemenda með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskóla og sporna gegn einelti svo dæmi séu tekin.
- Tryggja þarf að öll börn og ungmenni hafi óheftan aðgang að námsefni til að mennta sig óháð efnahag. Fræðsluskylda er til 18 ára aldurs og því þurfum við að tryggja að öll börn og ungmenni í grunn- og framhaldsskóla hafi aðgang að námsefni og námsbókum. Það má meðal annars gera með því að nota rafrænt námsefni sem aðgengilegt er á Netinu. Þurfum að nýta alla möguleika sem felast í upplýsingatækninni til hagræðingar og minnka kostnað.

### 3. ÁHRIF Á BARNAVERND:

- Tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað frá því fyrir bankahrun en þó ekki meira en á árunum á undan (Barnaverndarstofa, 2011).



- Tilkynningum um ofbeldi hefur fjölgað hjá barnaverndarnefndum, voru 16% árið 2006 en voru 22% árið 2010 (Barnaverndarstofa, 2011). Vísbendingar eru um aukið heimilisofbeldi en hins vegar komu fleiri konur á bráðamóttöku árið 2009 en 2010, vegna peningaleysis veigra þær sér við að leita á bráðamóttöku nema vegna alvarlegra áverka þar sem það er dýrt að leita til bráðamóttöku. Börn þeirra horfa svo upp á ofbeldið og fá enga hjálp.



- Barnaverndarstofa greinir aukna eftirspurn eftir úrræðum stofunnar sem getur verið vísbending um svipaða þróun sem varð í Finnlandi. Vistunum hefur þó ekki fjölgað vegna nýrra vinnuaðferða í barnavernd, þ.e. fjölkerfameðferð (MST) á vegum Barnaverndarstofu sem er meðferð í nærumhverfi barns. Í niðurstöðum frá Finnlandi kemur fram að áhrif efnahagserfiðleika komi ekki endilega fram í tölum barnaverndar fyrr en 5–7 árum síðar. Það þarf því að fylgjast vel með framvindunni.
- Á fundum hópsins hefur mikið verið rætt um að slæmar afleiðingar kreppunnar komi verst niður á þeim börnum sem þjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og að þau standi enn verr í dag. Hópnum hefur reynt erfitt að finna skrifleg gögn sem styðja þessa umræðu en það er von hópsins að fyrirspurn velferðarvaktarinnar sem send var grunnskólum, heilsugæslustöðvum og barnaverndarnefndum þann 4. mars sl. muni gefa gagnlega mynd af stöðunni. Með hliðsjón af svörunum vonast hópurinn til að geta lagt fram tillögur að aðgerðum.

Fjölgun tilkynninga og upplýsingar síðastliðin tvö ár um aukin þunga mála og álags á starfsfólk hefur ekki leitt til fjölgunar stöðugilda í barnavernd eða aukins fjármagns til Barnaverndarstofu.

#### Tillögur að aðgerðum í barnavernd:

- Mæta verður auknu álagi á barnaverndarkerfið með einhverjum hætti.
- Sérstaklega verður sjónum beint að stuðningi við börn sem ekki alast upp á heimilum með báðum kynforeldrum en um 80% mála sem snerta börn og ungmenni á vegum barnaverndarnefnda snerta þennan hóp.
- Komið verði á fót samhæfingarmiðstöð í málefnum barna og ungmenna (í samræmi við tillögur hópsins 2010) þar sem markmiðið er að nýta fjármagn og mannafla betur með hagsmuni barna að leiðarljósi.
- Sérstaklega verður sjónum beint að börnum sem eru af annarri eða þriðju kynslóð bótaþega með það markmið að rjúfa félagslega arfleið sem fylgir fátækt.
- Vakin verði athygli á tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda hjá öllum sem starfa með börnum og ungmennum.
- Sérstaklega verði hugað að málefnum fósturbarna sem vistuð eru tímabundið fjarri lögheimili, bæði faglegum og fjárhagslegum þáttum.

#### **4. ÁHRIF Á ANDLEGA LÍÐAN OG HEILSU:**

- Kannanir í skólum gefa vísbendingu um að almenn líðan barna í grunnskólum sé betri nú en á undanförunum árum (HBSC) og *ungt fólk*, könnun á líðan og högum nemenda í grunn- og framhaldsskólum, Skólapúlsinn o.fl. Hins vegar hafa kannanir sýnt að þrátt fyrir að dregið hafi úr tóbaksnotkun og áfengisneyslu nemenda á framhaldsskólaaldri þá hefur neysla þessa aldurshóps á ólöglegum fíkniefnum aukist.
- Rætt hefur verið í hópnum um neikvæð áhrif efnahagsþrenginganna á tannheilsu og mikilvægi þess að vanræksla í tannhirðu sé tilkynnt sem vanræksla til barnaverndarnefnda.
- Kostnaður við göngudeildarþjónustu á geðsviði hefur hækkað og má greina minni aðsókn í þá þjónustu á meðan símtölum vegna geðrænna vandamála til Rauða krossins hefur fjölgað verulega. Börn með geðraskanir og börn foreldra með geðraskanir eru í sérstökum áhættuhópi.
- Með auknum kostnaði við matarinnkaup og þrýstingi á minnkun útgjalda er líklegt að næring á heimilum og í skólum verði verri sem gæti haft langtímaáhrif á heilsu. Hópurinn hefur ekki neinar tölur um þessa þróun.
- Dregið hefur úr því að unglingar byrji að neyta áfengis í grunnskóla. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem var gerð af Rannsóknum og greiningu og náði til allra framhaldsskóla landsins.
- Eins virðist sem unglingar byrji ekki í jafnmiklum mæli og talið var að neyta áfengis sumarið eftir tíunda bekk. Stór hluti byrjar hins vegar að drekka á fyrsta ári í framhaldsskóla. Skil milli skólastiga eru skarpari en áður (Rannsóknir og greining, 2011).


#### **Tillögur að aðgerðum:**

- o Góð tengsl foreldra og barna er verndandi þáttur fyrir líðan barna og ungmenn og mikilvægt að styrkja foreldra í hlutverkum sínu. Tryggja þarf almennt aðgengi að uppeldisráðgjöf og stuðningi við fjölskyldur og má leita eftir samstarfi við vinnuveitendur, Vinnumálastofnun og verkalýðshreyfinguna. Tryggja þarf aðgengi víða. Mikilvægt er að efla tengslanet barna þar sem það er veikt.
- o Öllum börnum verði tryggð flúorskolun en talið er að hægt sé að koma í veg fyrir 25% tansskemmda með þeirri aðferð einni.
- o Niðurgreiðsla verði aukin vegna tannlækninga barna og ungmenna. Allra best væri að börn frá fjögurra ára aldri fengju árlega skoðun hjá tannlækni til 18 ára aldurs gjaldfrjálssa.
- o Sérstöku fjármagni verði varið til að tryggja geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn hvort sem þau eru með kvíða, hegðunar- eða neysluvanda.
- o Sjónum verði beint að ungmennum á framhaldsskólaaldri vegna aukinnar neyslu ólöglegra fíkniefna meðal þessa aldurshóps.

- Efla foreldrasamstarf í framhaldsskólum og stuðla að samstarfi nærsamfélagsins við framhaldsskóla líkt og hefur verið gert í nærsamfélagi leik- og grunnskóla. Öflugt foreldrasamstarf er besta forvarnarstarf sem völ er á, það hafa niðurstöður kannanna sýnt sem gerðar hafa verið á líðan og högum barna og áhrif foreldrasamstarfs.

#### 5. ÁHRIF Á STARFSFÓLK SEM VINNUR MEÐ BÖRNUM:

- Kennarasambandið hefur orðið vart við aukið álag á kennara í skólum. Inn á borð sambandsins koma fleiri og erfiðari samskiptamál meðal kennara. Hópurinn mun einnig reyna að nálgast gögn varðandi það hvort veikindi/fjarvistir hafi aukist hjá kennarahópnum frá árinu 2008.
- Félagsráðgjafar á BUGL upplifa vanmátt kennara sem hafa það hlutverk að styðja við nemendur sem glíma við margþættan vanda en eru á sama tíma að glíma við eigin vanlíðan og atvinnuóryggi.
- Barnaverndarstofa greinir aukið álag á barnaverndarstarfsfólk og hafa kvartanir um starf þeirra aukist síðan 2007. Kvartanir geta verið vísbendingar um aukið álag á starfsmenn barnaverndarnefnda sem kemur niður á vinnubrögðum, þær geta einnig verið vísbendingar um almenna streitu og óánægju í samfélaginu og að fólk vantreysti yfirvöldum. Það liggur því ljóst fyrir að álag á starfsfólk í barnavernd hefur aukist verulega eftir hrun bankanna.



#### Tillögur að aðgerðum:

- Gera könnun á streitu meðal starfsmanna í skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Bæta líðan starfsfólks með markvissum aðgerðum, svo sem efla fræðslu og tryggja starfsöryggi, og beita aðferðum sem koma í veg fyrir kulnun í starfi.

-----  
Barna- og barnafjölskylduhópur velferðarvaktarinnar:

Salbjörg Bjarnadóttir  
Anni G. Haugen  
Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir  
Guðni Olgeirsson



**STÖÐUMAT – 7. apríl 2011**

Haukur Haraldsson  
Margrét María Sigurðardóttir  
Marta Sigurðardóttir  
Steinunn Bergmann  
Sjöfn Þórðardóttir  
Stefán Stefánsson  
Petrína Ásgeirsdóttir  
Védís Grönvold  
Valgerður Halldórsdóttir